

**Ed.**

**643. Nefndarálit**

[248. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við gildandi lög og kynnt sér þær nýjungar, sem það felur í sér, og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bítækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

2. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

3. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Í stað orðanna „Búnaðarþings Íslands“ komi: Búnaðarfélags Íslands.

b. Ákvæðin flytjast aftur fyrir 34. gr.

Alþingi, 27. apríl 1972.

Ásgeir Bjarnason,  
form., frsm.

Helgi Seljan,  
fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Jón Árm. Héðinsson.

Björn Jónsson.

Jón Árnason.

Steinþór Gestsson.